

Almennt um rekstur 2012

Áætlunum 2012 er fylgt í megin atriðum. Stöður heilbrigðisfulltrúa (6) eru mannaðar svo og stöður dýraeftirlitsmanns og skrifstofustjóra. Eftirlitsmaður var ráðinn í 10 mánuði og háskólanemi ráðinn í sumar í þrjú mánuði. Hægst hefur á nýskráningum hunda á árinu. Fjöldi umsókna um starfsleyfi og fjöldi eftirlitskyldrar starfsemi (tæplega 1400 eftirlitsstaðir) er svipaður milli ára. Sveitastjórnir hafa lagt áherslu á að auka afskipti varðandi kattahald. Mikil vinna fór á árinu í að svara stjórnsýslukærum og virðist sá þáttur í starfi heilbrigðisnefndar aukast.

Matvælaeftirlit 2013

Eftirlit með matvælafyrirtækjum hefur aukist jafnt og þétt undanfarin misseri. Með breytingum á matvælalögum sem kom til framkvæmda á árinu 2010 og 2011, varð veruleg áherslubreyting þegar Evrópu reglugerðir sem snúa að málaflokknum voru innleiddar í íslensk regluverk. Jafnframt hefur ESA, eftirlitsstofnun EFTA-landanna, hafið skipulegar eftirlitsheimsóknir til heilbrigðisnefndanna. Ákvæði laga um matvælaöryggi, framleiðslu, markaðssetningu og rekjanleika hafa nú verið innleidd frekar með reglugerðum. Þar er m.a. kveðið á um með nýjum áherslum um hlutverk og eftirlitsskyldu heilbrigðisnefnda. Nýjar reglur eru um framleiðslu og markaðssetningu matvæla. Hollustuhætti í matvælaeiðnaði. Rekjanleika matvæla og umbúða. Svo og merkingar matvæla, notkun fullyrðinga í merkingum, efnainnihald, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og aðskotaefni, umbúðir og þökkun. Reglur er komnar um erfðabreytt matvæli og merkingar þeirra. Tilkynningarskyldu þeirra sem framleiða eða flytja inn umbúðir fyrir matvæli og efni eða efnablöndur sem nota á við framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvælaeftirlit, innra eftirlit matvælafyrirtækja hefur einnig breyst og reglur eru um sölu framleiðanda af eigin framleiðslu beint til neytenda, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika. Í matvælalögunum er jafnframt ítrekuð sú skylda sveitarfélaga að sinna matvælaeftirliti og nú ber þeim gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda. Skulu matvælafyrirtækin greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarpáttum: a) launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, b) öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, c) kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku. Breyttum aðstæðum hefur verið mætt með því að ráða tímabundið námsmenn til starfa. Það fyrirkomulag hefur ýmsa vankanta við eftirfylgni og getur aðeins gengið í stuttan tíma. Til að fylgja eftir kröfum um úrbætur er nauðsynlegt að auka faglegt vinnuframlag og er lagt til að auka við eitt stöðugildi í matvælaeftirlit. Til að mæta þeim kostnaði sem af því hlýst eru lagðar til breytingar á gjaldskrá og einnig breytast áherslur í eftirlitsáætlun.

Umhverfissvöktun 2013

Umhverfissvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnum í grunnvatni, lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþróum.

- a) Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerðar sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meiddi er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Formennska í framkvæmdastjórn um vatnsvernd flyst um n. k. áramót til Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.
- b) Í reglugerð um fráveitur og skólp eru sett umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása. Rangtengingar hafa leitt til þess að lækir og skurðir eru víða mengaðir. Skipulögð vöktunarverkefni eru í gangi og er ráðgert að halda þeim áfram í svipuðum farvegi. Niðurstöður mengunarmælinga sem nú eru birtar jafn óðum á heimsíðu stofnunarinnar gefa

ekki ástæðu til að draga úr skipulegri vöktun. Kostnaður vegna þessara verkefna er innheimtur hjá viðkomandi sveitarfélögum

Heilbrigðiseftirlitið hefur umsjón með rekstri færanlegrar loftgæðamælistöðvar í Kópavogi. Niðurstöður mælinga nýtast við mat loftgæða á svæðinu. Til samanburðar eru nýtast einnig mælingar úr stöðvum Umhverfisstofnunar við Grensásveg í Reykjavík og á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

Umhverfisvöktun tekur einnig til mælinga á umhverfishávaða frá helstu umferðaræðum og að kanna kvartanir um hávaða sem berast frá almenningi. Garðabær lagði til starfsmann úr atvinnuátaki til að aðstoðar við hávaðamælingar á liðnu sumri. Möguleiki er fyrir hendi til að halda mælingum áfram á svipaðan hátt.

Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit tekur til hollustuhátta og mengunarvarna. Áhersla verður á að eftirlit fari fram hjá starfsemi sem er að hefjast. Þá eru oft farið tímabundið í tíðari eftirlitsferðir í trausti þess að það geti leitt til betri árangurs. Í ljósi ályktana Rannsóknarnefndar Alþingis 2010 um íslenska stjórnsýslu, eftirlit almennt og umræðu sem fylgdi verður lögð áhersla á að auka eftirfylgni ef reglum er ekki fylgt. Áhersla hefur verið aukin á tóbakssölueftirlit og ráðgert er að halda því verkefni áfram með eftirlitsferðum.

Dýraeftirlit

Hundum hefur fjölgað um 21 í umdæminu það sem af er árinu. Nýskráningar hafa verið 200 á þeim tíma. Deilumálum sem tengjast hundahaldi í fjöleignahúsum virðist fjölga í kjölfar breytinga á fjöleignahúsalögum. Hvatning til hundeigenda til að sækja grunnnámskeiði í hundauppeldi ásamt lækkun eftirlitsgjalda til þeirra sem fylgja settum reglum virðist skila árangri. Fá afskipti af hundum sem farið hefur verið með á námskeið styðja þá ályktun. Í samvinnu við heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík er aðgang að dýrageymslu þar sem starfsmenn í eftirliti og lögregla hafa aðgang allan sólarhringinn. Aðstaða til að geyma dýrin er mjög góð. Lögreglan hefur breytt sínum vinnubrögðum og dregið úr að sinna kvörtunum vegna ónæði af hundahaldi.

Reiknað er með að verkum tengdu kattarhaldi fjölgi og hafa sveitarfélögin nú sett sér samþykktir um kattahald. Sveitarfélögin verða að fylgja stefnumörkun sinni eftir og veita fjármunum til þess að handsama ketti sem kvartað er yfir og kosta til geymslu þeirra.

Hafnarfjarðarbær hefur sett sér samþykkt um almennt húsdýrahald og gæludýrahald þar sem ákvæði eru varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir, leyfisveitingar og gjaldtöku.

Lögum um búfjárhald o.fl. fylgir eftirlitsskylda og skýrslugerð af hálfu sveitarfélaganna. Heilbrigðiseftirlitið hefur séð um þennan þátt á Álftanesi, í Garðabæ og í Hafnarfirði samkvæmt sérstöku samkomulagi. Frumvarp var lagt fram á Alþingi á liðnum vetri varðandi breytingu á þessu fyrirkomulagi en það frumvarp var ekki afgreitt. Breyting er því ekki fyrirsjáanleg á framkvæmdinni næsta árið.

Eftirlitsáætlun

Eftirlitsáætlun er yfirfarin á hverju ári þar sem lagfæringar eru nauðsynlegar. Reglubundið eftirlit er lítið breytt nema hvað auka þarf eftirlit með matvæladreifingu. Tilfallandi eftirlit er fyrst og fremst vegna eftirfylgni, kvartana, óhappa, slysa, starfsemi utan hefðbundinna

starfsstöðva, óreglulegrar starfsemi, rekstrar og starfsemi sem ekki er starfsleyfissskyld og þegar ástæða er til eftirlits með takmörkuðum þáttum starfseminnar.

Útreikningur tímagjalds

Með auglýsingu nr. 254/1999 birti umhverfisráðherra leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit.

Samkvæmt leiðbeiningunum ber að greina ársverk vegna:

- eftirlitskyldra fyrirtækja og stofnana s.s. eftirlitsstörf, skrifstofustörf o.fl.
- ótengd eftirlitsskyldum fyrirtækjum og stofnunum s.s. störf fyrir stofnanir sveitarfélaga og ríkisins, störf vegna gæludýra, meindýra, almennt umhverfiseftirlit, almannavarna, þjónustu og fræðslu til almennings ofl.

Ársverk eru 9,75 og þar af 7 vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja og stofnana. Ársverk ótengd eftirlitsskyldum fyrirtækjum og stofnunum eru metin 2,75 og þar af 1,2 vegna hundahalds. Notast skal við 1320 stundir í hvert ársverk sem skipta skal niður á reglubundið eftirlit, tilfallandi eftirlit, eftirlit vegna nýrra fyrirtækja eða stofnana, skrifstofustörf, viðtalstíma, stjórnunarstörf, gerð starfsleyfa og almenn skrifstofustörf s.s. skýrslugerð.

Tímagjald vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits er fundið með því að deila virkum vinnustundum úr reglubundnu eftirliti í samtölu kostnaðarliða sem heimilt er að hafa í tímagjaldi. Samkvæmt áætlun 2013 verða virkar vinnustundir tengdar eftirlitsskyldum fyrirtækjum og stofnunum alls 7603. Þar af er í reglubundið eftirlit ætlaðar 4900 vinnustundir og tæplega 2000 vinnustundum í tilfallandi eftirlit.

Gjaldskrá

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær. Vegna matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit og fyrir eftirlit með hundahaldi. Lagt er til að tímagjald hækki um 500 kr. eða um 5,3%. Aðrir liðir gjaldskráa hækki samsvarandi. Tímagjald sem er kr. 9500 verður þá kr. 10.000.

Heilbrigðisnefnd

Reiknað er með 14 fundum nefndarinnar á árinu. Launakostnaður heilbrigðisnefndar tengist þingfarakaupi.

Starfsmannakostnaður

Kjarasamningar gilda almennt til 31. mars 2014. Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins vinna samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsmannafélag Garðabæjar, samflot bæjarstarfsmannafélaga, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga og Stéttarfélag verkfræðinga

Húsnæði

Húsaleiga og greiðslur til húsfélags (rafmagn, hiti, sameign) eru helstu kostnaðarliðir. Ekki eru fyrirsjáanlegar neinar breytingar á fyrirkomulagi eða umfangi en reikna verður með verðlagshækkun.

Leigusamningur um húsnæði gildir til mars 2014.

Tölvur

Tölvubúnaður (útstöðvar) hefur verið endurnýjaður jafnt og þétt eftir því sem tæki hafa bilað verulega. Netþjón þarf að endurnýja innan ekki allt of langs tíma. Umtalsverður kostnaður vegna tölvubúnaðar ætti ekki að koma á fjárhagsárið. Viðhalda og endurnýja þarf

gagnagrunna en komið er að verulegri endurnýjun. Aðkeypt sérfræðiaðstoð vegna reksturs tölukerfis og hugbúnaðarleyfa er töluverð.

Aksturskostnaður

Rekstarleiga er ekki lengur raunhæfur valkostur. Heilbrigðiseftirlitið er nú með fjórar eigin bifreiðar í notkun. Annar aksturskostnaður er greiddur samkvæmt akstursamningum og akstursdagbókum. Hagkvæmt er að stofnunin eignist eina bifreið til viðbótar.

Funda og fræðslukostnaður

Fastir fundir eru sóttir á vegum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Auk þess eru sóttir fræðslufundir og ráðstefnur á verksviði stofnunarinnar.

Aðkeypt þjónusta

Mælingar sýna:

Heilbrigðiseftirlitið leitar eftir tilboðum frá rannsóknarstofum vegna þeirra verkefna sem verið er að sinna hverju sinni. Komi upp alvarleg matarsýking getur þurft að auka sýnatöku án þess að hægt verði að innheimta rannsóknarkostnað. Erfitt er því að ákvarða þennan gjaldalið með nákvæmni.

Efnamælingar sem lítils háttar eru vegna matvæla en aðallega vegna mengunarvarnaeftirlits og umhverfisvöktunar falla undir þennan lið. Mælingar sem tengjast mengun koma í ljós í eftirliti, við kvartanir eða í óhöppum. Áætlun vegna þessa liðar er því nokkuð óviss.

Endurskoðun og bókhald:

Færsla bókhalds, endurskoðun og frágangur ársreiknings er aðkeypt þjónusta frá fyrirtækinu KPMG. Núverandi fyrirkomulag var tekið upp í lok árs 2001. Hefur það reynst vel en því fylgir jafnframt nokkur kostnaður. Samningur er við Garðabæ um útreikning launa og gerð launaseðla.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta:

Aðkeypt sérfræðiþjónusta s.s. lögmanna hefur verið að aukast og reiknað er með að hún haldi áfram að aukast. Einnig þarf vegna umhverfisvöktunar og mengunarvarnaeftirlits að gera ráð fyrir aðkeyptri sérfræðiþjónusta.

Þjónustugjöld banka:

Aðkeypt þjónustugjöld hjá banka hefur verið að breytast til hækkunar og kostnaður vegna greiðslukorta bæst við.

28. september 2012

Guðmundur H. Einarsson.

GME

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis - fjárhagsáætlunar 2013

Nr.	Heiti	Ársreikningur 2011	Áætlun 2012	8 mán staða	Áætlun 12 mánaða staða	Áætlun 2013
3000 REKSTARREIKNINGUR						
3001 Tekjur						
3100 Framlag sveitarfélga						
3110	Framlag Hafnarfjarðar	-7.511.271 kr.	-10.200.000 kr.			-10.500.000 kr.
3120	Framlag Álfanes	-731.335 kr.	-990.000 kr.			-1.100.000 kr.
3130	Framlag Garðabæjar	-3.085.032 kr.	-4.100.000 kr.			-4.500.000 kr.
3140	Framlag Kópavogs	-8.799.422 kr.	-11.900.000 kr.			-12.100.000 kr.
3199	Framlag sveitarfélaga alls	-20.127.060 kr.	-27.190.000 kr.			-28.200.000 kr.
3200 Sala						
3210	Starfsleyfi	-2.536.450 kr.	-2.900.000 kr.	-2.235.250 kr.	-2.700.000 kr.	-3.000.000 kr.
3211	Vottorð	0 kr.				
3212	Eiturefnabeiðni	0 kr.		-46.000.000 kr.		
3213	Eftirlit	-48.928.018 kr.	-53.910.000 kr.	-3.536.119 kr.	-48.000.000 kr.	-52.400.000 kr.
3214	Annað	-3.785.036 kr.	-2.900.000 kr.	-3.357.650 kr.	-3.500.000 kr.	-6.000.000 kr.
3220	Afskrifaðir reikningar					
3299	Sala alls	-55.249.504 kr.	-59.710.000 kr.	-55.129.019 kr.	-54.200.000 kr.	-61.400.000 kr.
3999	Tekjur alls	-70.075.722 kr.	-86.900.000 kr.	-55.129.019 kr.	-54.200.000 kr.	-89.600.000 kr.
4001 Gjöld						
4050 Heilbrigðisnefnd						
4051	Laun	1.203.032 kr.	2.600.000 kr.	624.600 kr.	2.018.496 kr.	2.730.000 kr.
4052	Launatengd gjöld	602.208 kr.	440.000 kr.	458.256 kr.	461.480 kr.	462.000 kr.
4053	Fundakostnaður	37.250 kr.	60.000 kr.	16.751 kr.	60.000 kr.	63.000 kr.
4054	Annar kostnaður	225.050 kr.	200.000 kr.		270.000 kr.	210.000 kr.
4058	Fært á hundahald	-310.131 kr.	-500.000 kr.	-200.000 kr.	-400.000 kr.	-525.000 kr.
4059	Heilbrigðisnefnd alls	1.757.409 kr.	2.800.000 kr.	899.607 kr.	2.409.976 kr.	2.940.000 kr.
4100 Launa- og starfsmannakostnaður						
4111	Mánaðarlaun	41.494.231 kr.	44.000.000 kr.	30.973.875 kr.	44.500.000 kr.	46.200.000 kr.
4112	Yfirvinna	9.662.242 kr.	9.000.000 kr.	6.061.952 kr.	9.500.000 kr.	9.450.000 kr.
4113	Önnur laun	1.541.743 kr.	3.000.000 kr.	1.207.444 kr.	3.000.000 kr.	3.150.000 kr.
4114	Orlof					200.000 kr.
4118	Fært á hundahald	-8.071.255 kr.	-8.600.000 kr.	-5.600.000 kr.	-9.000.000 kr.	-9.300.000 kr.
4119	Laun alls	44.626.961 kr.	47.400.000 kr.	32.643.271 kr.	48.000.000 kr.	49.700.000 kr.
4120	Launatengd gjöld					
4121	Lífeyrissjóðsgjöld	7.945.795 kr.	9.300.000 kr.	5.777.188 kr.	9.200.000 kr.	9.600.000 kr.
4122	Tryggingagjald	5.677.592 kr.	6.000.000 kr.	3.639.031 kr.	6.000.000 kr.	6.300.000 kr.
4123	Stéttarfélagsgjöld	1.288.480 kr.	3.000.000 kr.	991.024 kr.	1.500.000 kr.	1.600.000 kr.
4126	Lífeyrissjóðsskuldbinding	206.072 kr.	250.000 kr.		210.000 kr.	250.000 kr.
4128	Fært á hundahald	-2.371.929 kr.	-2.700.000 kr.	-1.800.000 kr.	-2.900.000 kr.	-3.100.000 kr.
4129	Launatengd gjöld alls	12.746.010 kr.	15.850.000 kr.	8.607.243 kr.	14.010.000 kr.	14.650.000 kr.
4130 Starfsmannakostnaður						
4131	Vinnufatnaður	15.124 kr.	100.000 kr.	93.325 kr.	100.000 kr.	110.000 kr.
4132	Matur/fæðispeningar	82.324 kr.	90.000 kr.	43.381 kr.	70.000 kr.	90.000 kr.
4133	Kaffistofa	114.294 kr.	120.000 kr.	67.456 kr.	120.000 kr.	130.000 kr.
4134	Annar starfsmannakostnaður	165.331 kr.	200.000 kr.	172.870 kr.	190.000 kr.	200.000 kr.
	Lækkun á starfsmannakostnaði	-600.000 kr.				
4138	Fært á hundahald	-335.911 kr.	-90.000 kr.	-60.000 kr.	-95.000 kr.	-100.000 kr.
4139	Starfsmannakostnaður alls	-558.838 kr.	420.000 kr.	317.032 kr.	385.000 kr.	430.000 kr.
4199	Launa- og starfsm.kostn. alls	56.814.133 kr.	63.670.000 kr.	41.567.546 kr.	48.385.000 kr.	64.780.000 kr.
4200 Húsnæði						
4210	Húsaleiga	4.646.562 kr.	4.900.000 kr.	3.657.785 kr.	4.902.785 kr.	5.400.000 kr.
4220	Viðgerðir og viðhald	8.824 kr.	150.000 kr.		150.000 kr.	150.000 kr.
4230	Rafmagn, hiti og sameign	300.682 kr.	400.000 kr.	250.138 kr.	350.138 kr.	400.000 kr.
4240	Hreinlætisvörur	135.366 kr.	150.000 kr.	63.590 kr.	147.180 kr.	160.000 kr.
4245	Þvottur	34.150 kr.	50.000 kr.	23.350 kr.	50.000 kr.	50.000 kr.
4250	Ræsting	113.476 kr.	150.000 kr.	20.003 kr.	150.000 kr.	150.000 kr.
4260	Innanstokksmunir	12.425 kr.	100.000 kr.	4.950 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.
4270	Lækkun á húsnæðiskostnaði	-78.671 kr.	-80.000 kr.		-80.000 kr.	-80.000 kr.
4298	Fært á hundahald	-777.214 kr.	-900.000 kr.	-600.000 kr.	-870.000 kr.	-900.000 kr.
4299	Húsnæði alls	4.395.600 kr.	4.920.000 kr.	3.419.816 kr.	4.900.103 kr.	5.430.000 kr.
4300 Skrifstofukostnaður						
4310	Bækur og tímarit	4.297 kr.	50.000 kr.			40.000 kr.
4320	Pappír og ritföng	220.062 kr.	300.000 kr.	192.991 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
4330	Prentun, fjölrítun og ljósrit	220.322 kr.	300.000 kr.	109.039 kr.	250.000 kr.	300.000 kr.
4340	Sími og fjarskipti óskilgreint	110.495 kr.	50.000 kr.	18.559 kr.	50.000 kr.	50.000 kr.
4341	Sími	394.823 kr.	500.000 kr.	334.734 kr.	354.734 kr.	450.000 kr.
4344	Sími - viðgerðir			1.390 kr.	2.000 kr.	
4345	Sími - netföng	546.516 kr.	750.000 kr.	483.822 kr.	743.822 kr.	760.000 kr.
4350	Póstburðargjöld	251.151 kr.	350.000 kr.	170.984 kr.	300.000 kr.	350.000 kr.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis - fjárhagsáætlunar 2013

4360 Skrifstofutæki og -áhöld	35.867 kr.		100.000 kr.		100.000 kr.	150.000 kr.
4398 Fært á hundahald	-272.990 kr.		-400.000 kr.		-350.000 kr.	-400.000 kr.
4399 Skrifstofukostnaður alls	1.510.543 kr.		2.000.000 kr.	1.111.519 kr.	1.750.556 kr.	2.000.000 kr.
4400 Tölvukostnaður						
4410 Tölvur og prentarar	133.135 kr.		200.000 kr.	132.343 kr.	150.000 kr.	200.000 kr.
4420 Hugbúnaður	194.205 kr.		200.000 kr.			200.000 kr.
4430 Kerfisfræðiaðstoð	566.007 kr.		500.000 kr.	183.858 kr.	300.000 kr.	500.000 kr.
4435 Maritech	355.231 kr.		180.000 kr.	369.181 kr.	400.000 kr.	200.000 kr.
4440 Annar tölvukostnaður	65.352 kr.		100.000 kr.	30.845 kr.	50.000 kr.	100.000 kr.
4498 Fært á hundahald	-197.090 kr.		-200.000 kr.	-100.000 kr.	-150.000 kr.	-200.000 kr.
4499 Tölvukostnaður alls	1.116.840 kr.		980.000 kr.	616.227 kr.	750.000 kr.	1.000.000 kr.
4513 Rekstur UXU68				278.828 kr.	400.000 kr.	400.000 kr.
4514 Rekstur BPM48	88.951 kr.		500.000 kr.	133.515 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
4515 Rekstur xxxxx	1.075.533 kr.		1.000.000 kr.	208.974 kr.	208.974 kr.	300.000 kr.
4516 Rekstur ZURO1	251.098 kr.		500.000 kr.	192.076 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
4517 Rekstur VZ183	348.910 kr.		500.000 kr.	168.227 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.
4518 Fært á hundahald	-1.075.533 kr.		-1.000.000 kr.	-500.000 kr.	-700.000 kr.	-400.000 kr.
4519 Rekstur eigin bifreiða alls	688.959 kr.		1.500.000 kr.	481.620 kr.	808.974 kr.	1.200.000 kr.
4520 Aðkeypur akstur						
4521 Bifreiðastyrkir	1.504.800 kr.		1.500.000 kr.	1.081.200 kr.	1.551.200 kr.	1.700.000 kr.
4522 Akstur starfsmanna	1.600.394 kr.		800.000 kr.	486.197 kr.	800.000 kr.	400.000 kr.
4523 Bílaleigubílar og taxi			100.000 kr.			100.000 kr.
4528 Fært á hundahald	-465.779 kr.		-500.000 kr.	-150.000 kr.	-350.000 kr.	-200.000 kr.
4529 Aðkeyptur akstur alls	2.639.415 kr.		1.900.000 kr.	1.417.397 kr.	2.001.200 kr.	2.000.000 kr.
4599 Aksturskostnaður alls	3.328.374 kr.		3.400.000 kr.	1.899.017 kr.	2.810.174 kr.	3.200.000 kr.
4600 Funda- og fræðslukostnaður						
4610 Funda- og námskeiðsgjöld	154.635 kr.		300.000 kr.	99.500 kr.	150.000 kr.	300.000 kr.
4620 Ferðakostnaður	183.782 kr.		200.000 kr.	-6.842 kr.	50.000 kr.	200.000 kr.
4630 Dagpeningar			100.000 kr.	52.000 kr.	52.000 kr.	100.000 kr.
4640 Annar funda- og fræðslukostn.	142765		200.000 kr.	63.630 kr.	200.000 kr.	200.000 kr.
4698 Fært á hundahald	-58.536 kr.		-120.000 kr.	-25.000 kr.	-68.000 kr.	-100.000 kr.
4699 Funda- og fræðslukostn. alls	422.646 kr.		680.000 kr.	183.288 kr.	384.000 kr.	700.000 kr.
4700 Aðkeypt þjónusta						
4710 Rannsóknir sýna Matís	396.497 kr.		1.000.000 kr.	146.269 kr.	200.000 kr.	1.000.000 kr.
4711 Rannsóknir sýna Sýni	2.786.076 kr.		2.000.000 kr.	3.116.314 kr.	4.500.000 kr.	3.000.000 kr.
4715 Loftgæðastöð 1	47.147 kr.		300.000 kr.	153.267 kr.	250.000 kr.	300.000 kr.
4716 Vista ehf	151.195 kr.		500.000 kr.	167.901 kr.	250.000 kr.	300.000 kr.
4720 Rannsóknir sýna aðrir	874.679 kr.		1.200.000 kr.	56.319 kr.	1.000.000 kr.	1.200.000 kr.
4725 Leiga á tækjum	60.693 kr.		70.000 kr.	50.821 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.
4730 Endurskoðun og bókhald	1.117.696 kr.		1.600.000 kr.	877.846 kr.	1.500.000 kr.	2.000.000 kr.
4740 Aðkeypt sérfræðþjónusta	1.069.046 kr.		1.000.000 kr.	701.060 kr.	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.
4750 Önnur aðkeypt þjónusta			50.000 kr.	26.828 kr.	50.000 kr.	50.000 kr.
4798 Fært á hundahald	-555.790 kr.		-410.000 kr.	-115.000 kr.	-800.000 kr.	-1.700.000 kr.
4799 Aðkeypt þjónusta alls	5.947.239 kr.		7.310.000 kr.	5.181.625 kr.	9.050.000 kr.	8.250.000 kr.
4800 Ýmis rekstrarkostnaður						
4810 Gjaldfærð áhöld og tæki	109.699 kr.		300.000 kr.		300.000 kr.	400.000 kr.
4820 Viðhald og viðgerðir áhalda	37.790 kr.		100.000 kr.	78.821 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.
4840 Ýmis vöru- og þjónustukaup	107.529 kr.		100.000 kr.	54.602 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.
4841 Fasteignaskrá	33.400 kr.		40.000 kr.	22.250 kr.	25.000 kr.	50.000 kr.
4850 Tryggingar	30.825 kr.		50.000 kr.		50.000 kr.	
4860 Auglýsingar vegna starfsleyfa	232.512 kr.		350.000 kr.	102.801 kr.	250.000 kr.	350.000 kr.
4865 Auglýsingar, aðrar				31.144 kr.	100.000 kr.	100.000 kr.
4870 Fræðsluefni						
4875 Þjónustugjöld og bankakostnaðu	347.234 kr.		400.000 kr.	420.892 kr.	500.000 kr.	600.000 kr.
4898 Fært á hundahald	-308.465 kr.		-200.000 kr.	-120.000 kr.	-150.000 kr.	-400.000 kr.
4899 Ýmis rekstrarkostnaður alls	590.524 kr.		1.140.000 kr.	590.510 kr.	1.275.000 kr.	1.300.000 kr.
4999 Gjöld alls	75.883.308 kr.	#	86.900.000 kr.	55.469.155 kr.	71.714.809 kr.	89.600.000 kr.
5000 Hreinar rekstrartekjur	1.668.708 kr.					
6110 Niðurfærsla viðskiptakrafna			0 kr.			
7000 Vaxtatekjur						
7010 Vextir af bankainnistæðum	-451.302 kr.			-248.435 kr.		
7020 Vextir frá viðskiptamönnum	-136.347 kr.			-159.953 kr.		
7030 Afrúnun reikninga						
7040 Fjármagnstekjuskattur	110.484 kr.			71.275 kr.		
7999 Vaxtatekjur alls	-477.165 kr.			-337.113 kr.	-400.000 kr.	
8000 Vaxtagjöld						
8010 Vextir af áv.reikningi Sparisj						
8020 Vextir af bankalánnum	-1.194					
8030 Dráttarvextir	509					
8999 Vaxtagjöld alls	-955.015 kr.					
9000 Hagnaður f. óreglega liði	713.693 kr.					
9100 Óreglulegar tekjur						

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis - fjárhagsáætlunar 2013

Fyrirframinnh.tekjur					
9110 Endurgreiddur VSK	-1.368.036 kr.		-1.092.503 kr.	-2.000.000 kr.	
9200 Óregluleg gjöld					
9210 Stofnkostnaður					
Mismunur tekna og gjalda					
9300 Hundahald					
9301 Tekjur v/hunda					
9302 Skráningargjald	-4.159.250 kr.	-3.000.000 kr.	-2.306.000 kr.	-2.700.000 kr.	
9303 Eftirlitsgjald	-17.294.294 kr.	-20.000.000 kr.	-19.004.597 kr.	-19.500.000 kr.	
9304 Handsömunargjald	-531.500 kr.	-1.000.000 kr.	-308.000 kr.	-350.000 kr.	
9305 Lækkun hundagjalda	92.000 kr.		40.000 kr.	40.000 kr.	
9306 Aðrar tekjur v/hunda			-127.000 kr.	-150.000 kr.	
9308 Tekjur samtals v/hunda	-21.893.044 kr.	-24.000.000 kr.	-21.705.597 kr.	-22.660.000 kr.	
9309 Gjöld v/hunda					
9310 Heilbrigðisnefnd	310.131 kr.	500.000 kr.	200.000 kr.	400.000 kr.	525.000 kr.
9311 Laun	8.071.255 kr.	8.600.000 kr.	5.600.000 kr.	9.000.000 kr.	9.300.000 kr.
9317 Launatengd gjöld	2.371.929 kr.	2.700.000 kr.	1.800.000 kr.	2.900.000 kr.	3.100.000 kr.
Starfsmannakostnaður	342.911 kr.	90.000 kr.	60.000 kr.	95.000 kr.	100.000 kr.
Húsnæði	777.214 kr.	900.000 kr.	600.000 kr.	870.000 kr.	900.000 kr.
Skrifstofukostnaður	272.990 kr.	400.000 kr.	200.000 kr.	150.000 kr.	400.000 kr.
9519 Tölvukostnaður	197.090 kr.	200.000 kr.	100.000 kr.	150.000 kr.	200.000 kr.
9610 Akstur	1.541.312 kr.	1.500.000 kr.	650.000 kr.	1.000.000 kr.	600.000 kr.
9614 Funda- og fræðslukostnað	58.536 kr.	120.000 kr.	25.000 kr.	68.000 kr.	100.000 kr.
9709 Hundageymsla	1.299.085 kr.	1.500.000 kr.	205.771 kr.	1.500.000 kr.	1.600.000 kr.
9710 Endurskoðun		300.000 kr.	150.000 kr.	300.000 kr.	800.000 kr.
9711 Aðkeypt sérfræðipjónusta	741.350 kr.	300.000 kr.	136.456 kr.	300.000 kr.	650.000 kr.
9712 Önnur aðkeypt þjónusta	28.000 kr.	200.000 kr.	6.000 kr.	100.000 kr.	500.000 kr.
9810 Smáhlutir og efni	613.266 kr.	650.000 kr.	329.289 kr.	500.000 kr.	650.000 kr.
9811 Viðhald og viðgerðir áhalda		300.000 kr.		300.000 kr.	300.000 kr.
9813 Ýmis vöru- og þjónustukaup	311.796 kr.	250.000 kr.	4.624 kr.	100.000 kr.	250.000 kr.
9814 Auglýsingar		100.000 kr.			100.000 kr.
9815 Fræðsluefni		100.000 kr.			100.000 kr.
9816 Ábyrgðatryggingar	4.947.405 kr.	5.000.000 kr.	5.270.248 kr.	5.270.248 kr.	5.700.000 kr.
Þjónustugj og bankakostn		400.000 kr.	120.000 kr.	400.000 kr.	400.000 kr.
9890 Gjöld v/hunda samtals	21.884.270 kr.	24.110.000 kr.	15.457.388 kr.	23.403.248 kr.	26.275.000 kr.
9899 Hundahald alls				743.248 kr.	
9900 Hagnaður					
9820 Vaxtatekjur	-12.712 kr.				

	Hlutfall 2011	Íbúafjöldi 2011
Hafnarfjörður	37,32%	25913
Garðabær	3,63%	2523
Álftanes	15,33%	10643
Kópavogur	43,72%	30357
	1	69436